

Reykjavík 10. febrúar 2016

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (bann við hefndarklámi). Þingskjal 11 – 11. mál.**

(Lagt fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015–2016.)

Barnaheill – Save the Children á Íslandi fagna framkomnu frumvarpi þar sem lagt er til að bætt verði ákvæði við almenn hegningarlög sem lýsir hefndarklám refsivert með afdráttarlausum hætti.

Það er afar mikilvægt að senda út þau skilaboð að það sé óásættanlegt að dreifa persónulegu myndefni án samþykkis þess sem á mynd birtist. Lagasetning er góð leið til þess.

Lagafrumvarpið og greinagerðin með því er vel unnið og vel grundvallað og ekki þörf á að bæta miklu við. Barnaheill taka heilshugar undir það að mikilvægt er að fræða börn og ungmenni um afleiðingar þess að deila myndum með óviðeigandi efni af öðrum manneskjum og um ábyrgð þess sem dreifir því.

Barnaheill hafa áhyggjur af því að erfitt geti reynst að framfylgja lögnum, en vilja í því sambandi benda á að samtökin reka ábendingarhapp í samstarfi við lögreglu þar sem tilkynna má um ólöglegt og óviðeigandi myndefni á neti. Það má gjarnan fjalla um það verkefni í tengslum við framfylgd laganna. Sjá nánar um verkefnið hér: <http://www.barnaheill.is/Starfsemi/Samstarfsverkefni/AbendingahnappurSaferInternetcenter/>.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hvetja til þess að frumvarpið verði samþykkt sem lög frá Alþingi og að stjórnvöld leggi áherslu á að koma í veg fyrir hefndarklám og aðrar niðurlægjandi mynddreifingar með fræðslu og forvörnum.

Virðingarfyllst,  
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,  
framkvæmdastjóri